

Tjarnarleiðin

Leikskólinn Tjörn



Lokaskýrsla vegna styrks úr Sprotasjóði skólaárið 2017 – 2018
Verkefnastjóri: Kikka K.M. Sigurðardóttir

Nafn skóla: Tjörn

Nafn verkefnisins: Tjarnarleiðin

Nafn verkefnisstjóra: Kikka K. M. Sigurðardóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS54 2018 - 2018

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn:

Markmið verkefnisins var að auka þátt barnanna í verkstæðisvinnu og annarri skapandi vinnu á leikskólanum. Þetta var gert með því að auka aðgengi að aðföngum til listiðkunnar eins og pappír og litum. Eins var aukið við í listkennslunni, gerðar stuttmyndir með nemendum og kór stofnaður sem æfði að minnsta kosti einu sinni í viku undir stjórn kórstjóra. Einnig voru stofnaðir hópar um jóga, leiklist og íþróttir.



Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Við völdum að setja allt til myndlistar í hæð barnanna þannig að þau hefðu betri aðgang að öllum efnivið. Þetta gaf þeim tækifæri til að fara í myndlist þegar hugurinn leitaði þangað og þetta frjálsa aðgengi varð uppspretta allskonar leikja þar sem þau notuðust meðal annars við pappír, skæri, límband og liti í leik sínum og sköpun.

Tjarnarborgarkórinn var stofnaður, kórstjórinn setti saman veglegan lagalista og við tóku formlegar æfingar. Stefnan var svo tekin á að halda tónleika.

Elstu börnin fengu innsýn í kvikmyndagerð og gerðu þau stuttmyndir þar sem hver og einn var leikstjóri yfir sinni mynd. Öll börnin tóku hlutverk sín alvarlega og þeirra metnaður skilaði afar fjölbreyttum og skemmtilegum stuttmyndum. Í þessari vinnu náðum við meðal annars að skoða og ræða um samvinnu og hvernig eitthvað verður til þegar allir hjálpast að.

Þar sem leikskólinn Tjörn er rekinn í tveimur húsum, að Öldugötu 19 og Tjarnargötu 33, sáum við fyrir okkur að það gæti gefist vel að víxla starfsmönnum á milli húsa til að nýta betur mannskap og hugmyndir. Að húsin tvö yrðu að einu lærdómssamfélagi með auknum samgangi og flæði milli húsanna.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Ekki tókst að víxla starfsmönnum á milli húsa sem skipti þó ekki sköpum í framkvæmdinni og var frekar hugsuð sem leið til að gefa bæði starfsfólki og börnum meiri fjölbreytni við dagleg störf heldur en að það væri lyklatriði í áætlun verkefnisins.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Helstu hindranirnar voru að okkar mati álag vegna fjölda barna á deild sem kom fram í tímaleysi til að sinna verkefninum. Við náðum þó með skipulagi og útsjónarsemi að framkvæma verkefnið eins og við vildum gera þau. Það má einnig segja að það hafi verið ákveðin hindrun að vera í tveim húsum þó svo að verkefnið hafi gengið vel í hvoru húsi fyrir sig.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Einn helsti ávinningur verkefnisins var að öll hugmyndavinna varð opnari og meiri umræður áttu sér stað eins og til dæmis í kvikmyndagerðinni þar sem handrit voru ekki skrifuð niður heldur lagt af stað með hugmyndir sem síðan þróuðust í ferlinu. Eins var ávinningur í því að börnin höfðu meiri aðgang að efni til myndlistar, frjálst aðgengi að pappír, skærum, límbandi og litum jók flæði og frelsi í sköpun barnanna, gleði og ánægju.

Í framhaldi af þessu verkefni og í ljósi helstu hindrana og reyndar alls starfs í skólanum sóttum við um fækkun á fjölda barna í báðum húsum. Við fengum fækkun um tíu börn sem mun auðvelda allt okkar starf í framtíðinni. Hvert barn fær meira svigrúm, andrými og vinnuástæður kennara verða mun betri. Börnin urðu einbeittari, glaðari og frjórri. Það kom glöggt fram í frjálsa og flæðandi leik barnanna. Þetta endurspeglast vonandi í stuttmyndinni okkar sem er í vinnslu og kemur til með að gefa góða innsýn í starf okkar.



Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Við metum verkefnið sem mikilvæga framför á leikskólanum Tjörn. Við náðum að framkvæma það sem við ætluðum okkur að mestu leyti og fengum út úr því áhugasamari, sjálfstæðari og fjölbreyttari nemendur og kennara.

Niðurstöður verkefnisins: T.d. eftirfarandi og/eða annað sem á við varðandi niðurstöður verkefnisins.

Mismunandi heiti á útfærslu skapandi starfs hafði þróast í sitthvoru húsinu, öðru megin hét það stöðvavinna og hinu megin verkstæðisvinna. Eftir að Tjarnarleiðin kom til sögunnar kallast verkefnið stöðvavinna í báðum húsum, sem er líka þáttur í sameiningarferli húsanna. Verkefnið fór fram einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði, á föstudagsmorgnum. Eftir innleiðingu Tjarnarleiðarinnar höfum við unnið markvisst að þessu verkefni annan hvern föstudag. Öll börnin í leikskólanum taka þátt í þessari vinnu. Sex til níu vinnustöðvar eru skipulagðar um allt hús og börnin velja sér hvað þau vilja gera. Þau geta svo skipt um svæði þegar þau vilja. Stöðvunum hefur fjölgað um tvær eftir innleiðingu Tjarnarleiðarinnar og börnin geta nú einnig valið kvikmyndagerð og vísindahorn.

Kennarar undirbúa verkefnið, velja þau í samráði við börnin og lesa í áhuga þeirra. Þessi verkefni eru mjög fjölbreytt, stundum árstíðarbundin eða tengd hefðum leikskólans. Úrvinnsla barnanna er einstaklingsbundin og getur verið afar mismunandi.

Tjarnarleiðin er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans og byggir á lýðræðislegri þátttöku barnanna og skapar svigrúm fyrir einstaklinginn að uppgötva áhuga sinn og getu. Lýðræði skipar stóran sess í stöðvavinnu, barnið velur hvað það vill gera og þar er mikil samvinna. Með samvinnu milli barnanna og milli barna og fullorðinna fæst dýpri og betri þekking og skilningur á viðfangsefnum heldur en ella. Börnin vinna saman þvert á aldur. Fyrirmyndir skipta máli í námi barna og við aldursblöndunina verða til fleiri fyrirmyndir. Yngri börnin læra af þeim eldri og leita eftir stuðningi þeirra. Eldri börnin læra að kenna, setja sig í spor annarra og fá tækifæri til að upplifa sig sem leiðtoga. Börnin fá þannig öðruvísi námstækifæri en eru til staðar þegar þau starfa innan síns aldurshóps.

Vinna barnanna er skráð, bæði með ljósmyndum og skráningu á komu barnanna á vinnusvæðin. Með þess konar skráningu fá kennarar verkfæri til að meta starfið, áhuga barnanna og virkni þeirra.

Að okkar mati var markmiðunum náð með aukinni vinnu í myndlist, innleiðingu kvikmyndagerðar og virku kórastarfi. Börnin nutu sín í sköpunarflæðinu, kórinn hélt tónleikana sem stefnt var að og stuttmyndirnar urðu 10 talsins.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.

Við áætlum að kynna verkefnið og aðra starfsemi Tjarnar með heimildarmynd um leikskólann en myndin er enn í vinnslu. Eins eigum við stuttmyndir barnanna sem við höfum sýnt en eitthvað af þeim verður líklegast tvinnuð inn í heimildarmyndina sem um ræðir. Við stefnum á að sýna myndina í kennaradeild HÍ og gaman væri að fara norður yfir heiðar og sýna í HA.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um: Það er gaman að segja frá því að í framhaldi af þessu verkefni sóttum við um samstarf við Myndlistaskóla Reykjavíkur og fengum að vera með – haustið 2018.

